

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. maí 1988

um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga

(88/378/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

framtíðarstefnu Efnahagsbandalagsins í öryggis- og hagsmunamálum neytenda ⁽⁴⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ósamræmis gætir í gildissviði og efni laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um öryggiskröfur sem gerðar eru til leikfanga. Ósamræmi þetta getur hæglega skapað viðskiptahindranir og ójafna samkeppnisaðstöðu á hinum innri markaði án þess endilega að veita neytendum á sameiginlega markaðnum, einkum börnum, haldgóða vernd gegn hættu sem þeim kann að stafa af þessum vörum.

Rétt er að ryðja úr vegi framangreindum tálum fyrir innri markaði sem einungis hefur á boðstólum nægilega öruggar vörur. Því verður að setja samræmdar reglur um markaðssetningu leikfanga og frjáls viðskipti með leikföng á grundvelli markmiða um verndun heilsu og öryggis neytenda sem greint var frá í ákvörðun ráðsins frá 23. júní 1986 um

Til að auðveldara sé að sýna fram á að leikföng séu í samræmi við grunnkröfur er nauðsynlegt að samhæfa evrópska staðla, einkum og sér í lagi fyrir hönnun og gerð leikfanga svo að gera megi ráð fyrir að vörur sem samrýmist þeim fullnægi grunnkröfunum. Samhæfir evrópskir staðlar á þessu sviði eru samdir af einkalögadilum og er því hvorki né verður skylt að fara eftir þeim. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem bærir aðilar til að samþykkja samhæfða staðla samkvæmt almennum viðmiðunarreglum um samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja einkalögadila sem undirritaðar voru 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar tilskipunar er samhæfður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) samþykkt af öðrum eða báðum þessara einkalögadila eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um á grundvelli ákvæða tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 þar sem settar eru reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals og samkvæmt áður nefndum almennum viðmiðunarreglum.

Í samræmi við ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og samningu staðla ⁽⁶⁾ er æskilegt að samhæfingin feli í sér að settar verði fram grunnkröfur um öryggi sem öll leikföng þurfi að uppfylla ef heimila á markaðssetningu þeirra.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 282, 8. 11. 1986, bls. 4.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 246, 14. 9. 1987, bls. 91 og ákvörðun frá 9. mars 1988 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB)⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 232, 31. 8. 1987, bls. 22.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 167, 5. 7. 1986, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

Æskilegt er að gildissvið tilskipunar þessarar byggist á nægilega víðtækri skilgreiningu á „leikfangi“ með tilliti til þess að leikfangamarkaðurinn er bæði stór og breytilegur og vörurnar á markaðnum fjölbreyttar. Það skal þó skýrt tekið fram að í tilskipun þessari teljast sumar vörur ekki til leikfanga, annaðhvort vegna þess að þær eru í raun ekki ætlaðar börnum eða vegna þess að þær er eingöngu hægt að nota undir eftirliti eða við sérstakar aðstæður.

Leikföng sem sett eru á markað mega hvorki stofna öryggi né heilsu notenda né annarra í voða. Kröfur um öryggi leikfanga ber að ákveða með fyrirhugaða notkun þeirra sem viðmiðun en einnig verður að hafa í huga öll hugsanleg not sem börn kunna að hafa af þeim þar sem hegðun barna, jafnvel undir venjulegum kringumstæðum, einkennist ekki af sömu varkárni og hegðun fullorðinna.

Þegar leikfang er sett á markað verður að athuga hvort það standist kröfur um öryggi með það í huga að nauðsynlegt er að tryggja að þetta öryggi haldist óbreytt allan þann tíma sem fyrirsjáanlegt er og eðlilegt má teljast að leikfangið verði notað.

Vænlegasta leiðin til að tryggja heilsu og öryggi neytenda er að sjá til þess að öll leikföng, sem sett eru á markaðinn, uppfylli grunnkröfur og er óheimilt að setja skorður við frjálsum viðskiptum með þau ef svo er.

Ganga má út frá að leikföng uppfylli grunnkröfurnar þegar þau samræmast hinum samhæfðu stöðlum sem birtir hafa verið með tilvísunarnúmerum í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins*.

Talið er að grunnkröfur hafi verið uppfylltar þegar leikfang samræmist eintaki sem samþykktur aðili hefur samþykkt. Samræmi þetta verður að votta með því að merkja leikfangið með EB-merki.

Koma verður á vottunarreglum sem kveða á um með hvaða hætti innlendir samþykktir aðilar skuli samþykkja eintök af leikföngum sem samræmast ekki stöðlum og með hvaða hætti þeir skuli gefa út vottorð um gerðarpröfun fyrir þau svo og fyrir leikföng sem eru í samræmi við staðlana samkvæmt eintaki sem þeim er sent til samþykktar.

Skylt er að veita aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og öllum samþykktum aðilum nauðsynlegar upplýsingar á hinum ýmsu stigum vottunar og skoðunar.

Aðildarríkin verða að útnefna aðila, svonefnda „samþykktu aðila“, til að hrinda í framkvæmd fyrirkomulagi því sem innleitt hefur verið fyrir leikföng. Skylt er að veita fullnægjandi upplýsingar um þessa aðila og sjá til þess að þeir uppfylli allir lágmarksskilyrði sem sett eru fyrir samþykkt þeirra.

Nú uppfyllir leikfang ekki grunnkröfur um öryggi og skal þá aðildarríki sem fær fullvissu um það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka vöruna af markaðnum eða koma í veg fyrir að hún verði sett á markað. Tilgreina verður ástæðu fyrir slíkri ákvörðun og komi í ljós að hún er annmarki á hinum samhæfðu stöðlum skal fella þá í heild eða að hluta af skrá þeirri sem framkvæmdastjórnin hefur birt.

Framkvæmdastjórnin gætir þess að samningu samhæfðra evrópskra staðla á öllum sviðum, sem falla undir grunnkröfur tilgreindar í II. viðauka, sé lokið nógu tímanlega til að gera aðildarríkjunum fært að samþykkja og birta nauðsynleg lagaákvæði fyrir 1. júlí 1989. Ákvæði í landslögum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar ættu þess vegna að taka gildi 1. janúar 1990.

Gera þarf viðeigandi ráðstafanir gegn þeim sem merkja með EB-merki í heimildarleysi.

Stjórnvöldum í aðildarríkjunum er skylt að hafa eftirlit með öryggi leikfanga sem eru komin á markað.

Ef ákveðnar tegundir leikfanga eru hættulegar eða ætlaðar mjög ungum börnum ber einnig að vara við þeim eða tilgreina æskilegar varúðarráðstafanir.

Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin fái upplýsingar reglulega um störf hinna samþykktu aðila við framkvæmd tilskipunar þessarar.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin samkvæmt tilskipun þessari verður að tilkynna þeim aðilum sem ákvörðunin beinist að um ástæðurnar sem liggja að baki henni og þau úrræði sem þeir geta hagnýtt sér.

Mið hefur verið tekið af áliti ráðgjafarnefndar um vísindi, sem metur eiturvirgni efnasambanda og eituráhrif þeirra á umhverfið, að því er varðar hættumörk fyrir aðgengi málm-sambanda í leikföngum fyrir börn.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um leikföng. Orðið „leikfang“ merkir hér allar vörur sem greinilega eru hannaðar fyrir eða ætlaðar börnum yngri en 14 ára til nota í leik.

2. Vörur skráðar í I. viðauka teljast ekki til leikfanga í skilningi tilskipunar þessarar.

2. gr.

1. Einungis er heimilt að setja leikföng á markað sem stofna hvorki öryggi né heilsu notenda eða annarra í voða þegar þau eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna.

2. Leikföng verða, í því ástandi sem þau eru þegar þau koma fyrst á markað og með hliðsjón af þeim tíma sem fyrir sjáanlegt og eðlilegt er að þau verði notuð, að standast þær öryggis- og heilbrigðiskröfur sem settar eru með tilskipun þessari.

3. Í tilskipun þessari nær hugtakið „að setja á markað“ bæði yfir sölu og ókeypis dreifingu.

3. gr.

Aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hægt verði að setja þau leikföng á markað er fullnægja ekki grunnkröfum um öryggi samkvæmt II. viðauka.

4. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt að hindra að leikföng sem fullnægja ákvæðum tilskipunar þessarar verði sett á markað á yfirráðasvæði þeirra.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu ganga út frá að leikföng uppfylli grunnkröfur sem um getur í 3. gr. þegar þau eru merkt með EB-merki eins og kveðið er á um í 11. gr., hér eftir kallað „EB-merkið“, er gefur til kynna að leikföngin samræmist viðeigandi landsstöðlum sem eru samhæfðir staðlar, sem birtir hafa verið með tilvísunarnúmerum í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, gerðir að landsstöðlum. Aðildarríkin birta vísanir til landsstaðla sinna.

2. Aðildarríkin ganga út frá að leikföng uppfylli grunnkröfur sem um getur í 3. gr. þótt framleiðandi þeirra hafi ekki eða aðeins að hluta beitt stöðlum þeim er um getur í 1. mgr. eða þótt engir staðlar séu til fyrir þessi leikföng ef vottað hefur verið með EB-merkinu að þau hafi fengið vottorð um EB-gerðarpröfun og samræmist samþykktu eintaki.

6. gr.

1. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að hinir samhæfðu staðlar, sem getið er í 1. mgr. 5. gr., fullnægi ekki að öllu leyti þeim grunnkröfum sem um getur í 3. gr. ber framkvæmdastjórninni eða aðildarríkinu að vísa málinu til fastanefndar sem skipuð var með tilskipun 83/189/EBE,

hér eftir kölluð „nefndin“, og tilgreina ástæðurnar fyrir því. Nefndinni ber að skila álitni eins fljótt og kostur er.

Að fengnu álitni nefndarinnar tilkynnir framkvæmdastjórnin aðildarríkjunum hvort taka þurfi viðkomandi staðla eða hluta þeirra af skráum þeim sem getið er um í 1. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin tilkynnir hlutaðeigandi evrópskri stöðlunarstofnun um málið og veitir nýtt stöðlun-
arumboð, ef nauðsyn krefur.

7. gr.

1. Verði aðildarríki þess áskynja að leikföng, sem merkt eru með EB-merki og notuð eins og ætlast er til eða í samræmi við 2. gr., geti stofnað öryggi og/eða heilsu notenda og/eða annarra í voða skal það gera allar viðeigandi ráðstafanir til að taka vörurnar af markaði eða stöðva eða takmarka markaðssetningu þeirra. Aðildarríkið tilkynnir framkvæmdastjórninni þegar í stað um þessar ráðstafanir og getur ástæðna fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ósamræmið stafi af því:

a) að leikfangið uppfylli ekki grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr., ef leikfangið er ekki í samræmi við þá staðla sem getið er í 1. mgr. 5. gr.,

b) að stöðlum þeim sem getið er í 1. mgr. 5. gr. hafi verið beitt á rangan hátt,

c) að annmarkar séu á stöðlum sem getið er í 1. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin hefur viðræður við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og unnt er. Komist hún að þeirri niðurstöðu eftir viðræðurnar að ráðstafanir þær sem getið er í 1. mgr. séu réttmætar ber henni þegar að tilkynna það aðildarríkinu sem gerði ráðstafanirnar og hinum aðildarríkjunum. Þegar ástæðan fyrir ákvörðun þeirri sem getið er í 1. mgr. er annmarki á stöðlum ber framkvæmdastjórninni eftir viðræður við hlutaðeigandi aðila að leggja málið fyrir nefndina innan tveggja mánaða, ef aðildarríkið sem gerði ráðstafanirnar hefur í hyggju að halda þeim áfram, og hefja málsmeðferð samkvæmt 6. gr.

3. Nú uppfylla leikföng merkt EB-merkinu ekki kröfurnar og skal hlutaðeigandi aðildarríki þá gera viðeigandi ráðstafanir og tilkynna það framkvæmdastjórninni sem tilkynnir það hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin gætir þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framgang og lyktir mála.

8. gr.

1. a) Áður en leikföng, framleidd eftir samhæfðu stöðlum sem getið er í 1. mgr. 5. gr., eru sett á markað ber framleiðanda eða umboðsmanni hans með

staðfestu innan bandalagsins að merkja þau með EB-merkinu til að staðfesta að leikföngin séu í samræmi við staðlana.

- b) Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu innan bandalagsins skal sjá til þess að eftirfarandi gögn séu til reiðu fyrir þá sem hafa skoðun með höndum:

— lýsing á því hvernig framleiðandi sér til þess (t.d. með skýrslu um prófanir eða með tæknilegum gögnum) að framleiðslan samræmist stöðlum þeim sem getið er í 1. mgr. 5. gr.; EB-gerðarvottorð, ef við á, sem gefið er út af samþykktum aðila; afrit af skjölum sem framleiðandi hefur lagt fyrir sama samþykktu aðila; lýsing á þeim aðferðum sem framleiðandi beitir til að tryggja að varan sé í samræmi við samþykktu eintakið,

— pósthöfundur framleiðslustaða og birgðageymsla,
— ýtarlegar upplýsingar um hönnun og framleiðslu.

Hafi hvorki framleiðandi né umboðsmaður hans staðfestu innan bandalagsins hvílir framangreind skylda um handbær gögn á aðila þeim sem setur leikföngin á markað innan bandalagsins.

2. a) Áður en leikföng, sem eru ekki í einu og öllu í samræmi við staðla þá sem getið er í 1. mgr. 5. gr., eru sett á markað ber framleiðanda eða umboðsmanni hans með staðfestu innan bandalagsins að merkja viðkomandi leikföng með EB-merkinu til að staðfesta að þau séu í samræmi við eintak sem hefur verið prófað eins og kveðið er á um í ákvæðum 10. gr. og sem samþykktur aðili hefur staðfest að uppfylli þær grunnkröfur sem um getur í 3. gr.

- b) Framleiðanda eða umboðsmanni hans innan bandalagsins ber að sjá til þess að eftirfarandi gögn séu til reiðu fyrir þá sem hafa skoðun með höndum:

— ýtarleg lýsing á framleiðslunni,
— lýsing á því hvernig framleiðandi sér til þess (t.d. með skýrslu um prófanir eða með tæknilegum gögnum) að framleiðslan samræmist samþykktu eintaki,
— pósthöfundur framleiðslustaða og birgðageymsla,
— afrit af skjölum sem framleiðandi hefur lagt fyrir samþykktan aðila í samræmi við 2. mgr. 10. gr.,
— vottorð um að sýnishornið hafi verið prófað eða vottfest afrit af því.

Hafi hvorki framleiðandi né umboðsmaður hans staðfestu innan bandalagsins hvílir framangreind

skylda um handbær gögn á aðila þeim sem setur leikföngin á markað innan bandalagsins.

3. Hafi skyldur þær sem um getur í b-liðum 1. og 2. mgr. verið vanræktar ber hinu lögbæra aðildarríki að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að skyldur þessar verði ræktar.

Þegar ljóst er að skyldur þessar hafa verið vanræktar er meðal annars heimilt að krefjast þess að framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu innan bandalagsins láti samþykktan aðila prófa eintak á kostnað framleiðanda eða umboðsmanns innan tiltekins tíma til að sannprófa að farið sé eftir samhæfðum stöðlum og að grunnkröfum sé fullnægt.

9. gr.

1. Í III. viðauka er getið um lágmarksskilyrði sem aðildarríkin þurfa að uppfylla er þau útnefna þá samþykktu aðila sem getið er í tilskipun þessari.

2. Hvert aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni um þá samþykktu aðila sem hafa það hlutverk að gera EB-gerðarprófun eins og um getur í 2. mgr. 8. gr. og í 10. gr. Framkvæmdastjórnin birtir, í upplýsingaskyni, skrá yfir þessa aðila og kenninúmer, sem hún hefur gefið þeim, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* og lætur leiðrétta hana jafnóðum og nýjar upplýsingar berast.

3. Aðildarríki sem hefur samþykkt aðila skal draga samþykki sitt til baka verði það þess áskynja að aðilinn uppfylli ekki lengur skilyrðin sem skráð eru í III. viðauka. Aðildarríkið tilkynnir framkvæmdastjórninni um þetta þegar í stað.

10. gr.

1. Með EB-gerðarprófun kannar samþykktur aðili hvort eintak af ákveðnu leikfangi uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. og vottar að svo sé.

2. Framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu innan bandalagsins sækir um EB-gerðarprófun til samþykktu aðila.

Umsókninni skal fylgja:

- lýsing á leikfanginu,
— nafn og pósthöfundur framleiðanda eða umboðsmanns hans eða umboðsmanna og framleiðslustaður leikfangsins,
— ýtarleg gögn um framleiðslu og hönnun ásamt eintaki af leikfangi því sem fyrirhugað er að framleiða.

3. Við EB-gerðarprófun ber samþykktum aðila:
- að rannsaka skjölin sem umsækjandi leggur fram og ganga úr skugga um að þau séu í lagi,
 - að fullvissa sig um að leikfangið stofni ekki öryggi og/eða heilsu í voða, eins og getið er um í 2. gr.,
 - að gera viðeigandi athuganir og prófanir til að fullvissa sig um að eintakið uppfylli grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. og styðjast þar, að svo miklu leyti sem unnt er, við samræmdu staðlana sem fjallað er um í 1. mgr. 5. gr.
 - og honum er heimilt að krefjast fleiri eintaka af leikfanginu.
4. Uppfylli eintakið grunnkröfurnar, sem getið er um í 3. gr., ber samþykktu aðilanum að gefa út vottorð um EB-gerðarprófun og tilkynna það umsækjanda. Í vottorðið skal skrá niðurstöður prófunar og alla fyrirvara á samþykkinu, ef nokkrir eru, og láta fylgja lýsingu á hinu samþykktu leikfangi og teikningar af því.

Framkvæmdastjórnin, aðrir samþykktir aðilar og önnur aðildarríki geta lagt fram beiðni um og fengið afrit af vottorðinu og, með rökstuddri beiðni, afrit af gögnum um hönnun og framleiðsluáætlun og skýrslum um athuganir og prófanir sem gerðar hafa verið.

5. Neiti samþykktur aðili að gefa út vottorð um EB-gerðarprófun ber honum að tilkynna aðildarríkinu sem samþykkti hann og framkvæmdastjórninni um það og greina frá ástæðum fyrir synjuninni.

11. gr.

1. EB-merkið, sem fjallað er um í 5., 7. og 8. gr., og nafn og/eða vöruheiti og/eða vörumerki og pósthfang framleiðanda eða umboðsmanns hans eða þess sem flytur vöruna inn í bandalagið skal yfirleitt setja annaðhvort á leikfangið eða umbúðirnar, skýrt og auðlæsilega og þannig að ekki sé unnt að afmá það. Þegar leikföngin eru lítil eða sett saman úr litlum hlutum er heimilt að setja upplýsingar þessar með sambærilegum hætti á umbúðirnar, á merkimiða eða fylgiseðil. Þegar umræddar upplýsingar eru ekki settar á leikfangið sjálft skal athygli notenda vakin á því að ráðlegt er að geyma þær.

2. EB-merkið er táknið „CE“.

3. Á leikföng er bannað að setja merki eða áletranir sem rugla má saman við EB-merkið.

4. Heimilt er að nota skammstafanir í upplýsingum þeim sem getið er um í 1. mgr., svo framarlega sem hægt er að þekkja framleiðandann, umboðsmann hans eða þann sem flytur vöruna inn í bandalagið á skammstöfuninni.

5. Í IV. viðauka eru tilgreindar aðvaranir og varúðarreglur sem verða að fylgja ákvæðnum leikföngum. Þegar leikföng eru sett á markað í aðildarríki getur aðildarríkið farið fram á að varnaðarorð og varúðarreglur, eða hluti þeirra, ásamt upplýsingum sem greint er frá í 4. mgr., séu tilgreind á þjóðtöngu þess eða þjóðtöngum.

12. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við og við séu athuguð eintök af leikföngum á mörkuðum þeirra til að sannprófa að þau samrýmist ákvæðum tilskipunar þessarar.

Fari yfirvöld, sem sjá um skoðun, fram á það:

- hafa þau aðgang að framleiðslustað eða birgðageymslu og gögnum, sem getið er um í b-liðum 1. og 2. mgr. 8. gr.,
- geta þau farið þess á leit við framleiðanda, umboðsmann hans eða þann sem setur leikfangið á markað og hefur staðfestu í bandalaginu að hann útvegi upplýsingar þær sem getið er um í b-liðum 1. og 2. mgr. 8. gr. innan frests sem aðildarríkið setur,
- geta þau valið eintak til athugunar og prófunar og haft á brott með sér.

2. Aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu á þriggja ára fresti um framkvæmd tilskipunar þessarar.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fyllsta trúnaðar sé gætt þegar afritum af gögnum um EB-gerðarprófun, sem um getur í 4. mgr. 10 gr., er komið áfram.

13. gr.

Aðildarríkjunum er skylt að láta framkvæmdastjórninni með reglulegu millibili í té upplýsingar um hvernig aðilar, sem þau hafa samþykkt, framfylgja þessari tilskipun svo að framkvæmdastjórnin geti reitt sig á að rétt sé farið að reglum um skoðun og að enginn sé beittur misrétti.

14. gr.

Tilgreina skal nákvæmlega forsendur fyrir öllum ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt tilskipun þessari og hafa í för með sér takmarkanir á markaðssetningu leikfangs. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila við fyrsta tækifæri og um leið skulu honum kynnt þau lagaúrræði sem hann getur hagnýtt sér samkvæmt gildandi lögum viðkomandi aðildarríkis og sá frestur sem hann hefur til þess.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lagaákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 1989 og tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar.

Þau beita ákvæðum þessum frá og með 1. janúar 1990.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði sem samþykkt verða í landslög þeirra um málefni sem tilskipun þessi nær til.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BANGEMANN

forseti.

I. VÍDAUKI

**VÖRUR SEM TELJAST EKKI TIL LEIKFANGA SAMKVÆMT
TILSKIPUN ÞESSARI**

(sbr. 1. mgr. 1. gr.)

1. Jólaskreytingar.
2. Nákvæm líkön í réttum stærðarhlutföllum handa fullorðnum söfnurum.
3. Búnaður til nota á leikvöllum.
4. Íþróttabúnaður.
5. Búnaður fyrir vatnaíþróttir, ætlaður til nota í djúpu vatni.
6. Brúður í þjóðbúningum og brúður til skrauts og áþekkir hlutir handa fullorðnum söfnurum.
7. Leiktæki sem greitt er fyrir að nota og komið er fyrir á opinberum stöðum (verslunarmiðstöðvum, umferðarmiðstöðvum o.s.frv.).
8. Raðspil með yfir 500 bitum eða án mynda, ætluð kunnáttumönnum.
9. Loftbyssur og loftskammbyssur.
10. Flugeldar, að hvellhettum meðtöldum ⁽¹⁾.
11. Slöngvur og teygjubyssur.
12. Pfluspil (pílur með málmoddi).
13. Rafmagnsöfnar, straujárn eða aðrar nytjavörur sem nota málsþennu sem fer yfir 24 volt.
14. Vörur með hitarist, ætlaðar til nota í kennslu undir eftirliti fullorðinna.
15. Ökutæki með brennsluvél.
16. Leikfangalestir með gufuvél.
17. Reiðhjól til hjólréiðaíþróttar eða nota á vegum úti.
18. Leiktæki tengd sjónvarpsskjá sem notaður er við málsþennu sem fer yfir 24 volt.
19. Snuð.
20. Nákvæmar eftirlíkingar af skotvopnum.
21. Tískuskartgripir fyrir börn.

⁽¹⁾ Að undanskildum hvellhettum sérstaklega gerðum fyrir leikföng, samanber þó strangari ákvæði í gildandi lögum í nokkrum aðildarríkjanna.

II. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI LEIKFANGA

I. ALMENNAR REGLUR

1. Samkvæmt kröfum 2. gr. tilskipunar þessarar verður að vernda notendur leikfanga og annað fólk gegn heilsutjóni og líkamsmeiðslum þegar leikföng eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna. Um er að ræða hættur:
 - a) er stafa af hönnun leikfangsins, smíði þess eða gerð,
 - b) er felast í notkun leikfangsins og sem ekki er hægt að útrýma að fullu með því að breyta smíði og gerð leikfangsins án þess að hlutverk þess breytist eða það glati helstu eiginleikum sínum.
2.
 - a) Hætta sem felst í notkun leikfangs verður að miðast við færni notenda og, þar sem við á, umsjónarmanna þeirra til að bregðast við hættunni. Þetta á einkum við um leikföng sem samkvæmt fyrirhugaðri notkun, stærð og sérkennum eru ætluð börnum yngri en 36 mánaða.
 - b) Fylgja skal þessari reglu með því að tiltaka, þar sem við á, lágmarksaldur notenda leikfanganna og/eða gefa fyrirmæli um að þau megi einungis nota í umsjón fullorðinna.
3. Merkimiðar á leikföngum og/eða umbúðum þeirra og notkunarleiðbeiningar með leikföngum verða að beina athygli notenda eða umsjónarmanna þeirra á árangursríkan og ótvíræðan hátt að þeim hættum sem felast í notkun leikfanganna og leiðum til að forðast þær.

II. SÉRSTAKAR HÆTTUR

1. Eðliseiginleikar og affræðilegir eiginleikar

- a) Leikföng og einstakir hlutar þeirra og festingar, þegar um áföst leikföng er að ræða, verða að hafa nauðsynlegan affræðilegan styrkleika og, þar sem við á, stöðugleika til að þola álag, sem þau verða fyrir við notkun, án þess að brotna eða aflagast svo af því stafi hætta á meiðslum.
- b) Brúnir, framskot, snúrur, kaplar og festingar á leikföngum verður að hanna og smíða þannig að sem minnst hætta sé á meiðslum þegar komið er við þau.
- c) Leikföng verður að hanna og smíða á þann hátt að sem minnst hætta á meiðslum stafi af hreyfanlegum hlutum þeirra.
- d) Leikföng sem eru augljóslega ætluð börnum yngri en 36 mánaða, og einstakir hlutar þeirra og þeir hlutar leikfanga sem hægt er að taka í sundur og setja saman, skulu vera nægilega stór til að ekki sé hægt að gleypa þau og/eða anda þeim að sér.
- e) Leikföng og einstakir hlutar þeirra og smásöluumbúðir mega ekki geta valdið kyrkingu eða köfnun.
- f) Þegar leikföng, sem ætluð eru til nota í grunnu vatni og geta borið barn eða haldið því á floti, eru hönnuð og smíðuð verður að leitast við eftir fremsta megni, með hliðsjón af ráðlagðri notkun þeirra, að draga úr hættu á að leikfangið missi flotkraft sinn eða hætti að halda barninu á floti.
- g) Leikföng sem hægt er að fara inn í og mynda því lokað rými fyrir þá sem inni eru verða að hafa útgönguleið sem er auðvelt að opna innan frá.
- h) Leikföng sem auka hreyfanleika notenda verða, að því marki sem unnt er, að hafa hemlakerfi sem hæfir leikfanginu og miðast við hreyfiorkuna sem myndast við notkun þess. Notandi verður að eiga auðvelt með að stjórna þessu kerfi án þess að eiga á hættu að kastast út úr leikfanginu eða slasa sig eða aðra.
- i) Miða skal lögum og gerð skeyta við það að hreyfiorkan, sem myndast þegar þeim er skotið úr þar til gerðu leikfangi, sé hvorki óþarflega hættuleg notanda né öðrum, með hliðsjón af eðli leikfangsins.

j) Leikföng með hitarist skulu smíðuð þannig að tryggt sé að:

- engir aðgengilegir fletir nái svo háu hitastigi að valdið geti brunasárum við snertingu,
- vökvar og lofttegundir sem eru í leikfanginu nái ekki svo háu hitastigi eða þrýstingi að þau sleppi út úr því, nema beinlínis sé ætlast til þess þegar leikfangið er notað, og valdi ef til vill brunasárum eða öðrum meiðslum.

2. Brunaeiginleikar

a) Leikföng mega ekki skapa eldhættu í umhverfi barna. Þau verða því að vera úr efnum:

1. sem brenna ekki þó að logar leiki um þau eða þau séu óvarin fyrir neistum eða öðru sem valdið getur íkveikju,
2. sem er erfitt að kveikja í (eldurinn slokknar um leið og íkveikjuvaldurinn er fjarlægður),
3. sem brenna hægt þótt kvikni í þeim og flýta ekki fyrir útbreiðslu elds,
4. sem hafa fengið meðhöndlun sem hægir á bruna sama hver efnasamsetning leikfangsins er.

Sú hættu má ekki vera fyrir hendi að eldfim efni af þessum toga kveiki í öðrum efnum í leikfanginu.

b) Leikföng sem innihalda hættuleg efni eða efnablöndur, eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EEC⁽¹⁾, vegna þess hlutverks sem þau gegna, m.a. efni og búnaður fyrir efnafræðitilraunir, samsetningu líkana, mótun úr plasti eða leir, glerjun, ljósmyndun eða áþekka starfsemi, mega ekki innihalda efni eða efnablöndur sem geta orðið eldfim ef þau glata rokgjörnum efnisþáttum sem eru ekki eldfimur.

c) Ekki má stafa sprengihætta af leikföngum og þau mega ekki innihalda efni eða efnisþætti sem hætta er á að springi þegar leikföngin eru notuð eins og tiltekið er í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar þessarar. Ákvæði þetta á ekki við um hvellhettur sem notaðar eru sem leikföng, eins og getið er um í 10. atriði í I. viðauka og meðfylgjandi neðanmálsgrein.

d) Leikföng, m.a. leikir og leikföng sem snerta efnafræði á einhvern hátt, mega ekki innihalda tilbúin efni og efnablöndur:

- sem geta sprungið ef þeim er blandað saman:
 - vegna efnahvarfa eða þegar þau hitna,
 - þegar þeim er blandað saman við efni sem mynda oxíð,
- sem innihalda rokgjarna efnisþætti sem eru eldfimur í andrúmslofti og geta myndað blöndu af gufu og lofti sem hætt er við að kvikni í eða springi.

3. Efnafræðilegir eiginleikar

1. Leikföng verður að hanna og smíða þannig að þau valdi ekki heilsutjóni eða líkamsmeiðslum, þegar þau eru notuð eins og tiltekið er í 1. mgr. 2. gr., séu þau gleypst, þeim andað að sér eða komist þau í snertingu við hörund, slímhúð eða augu.

Þau verða í öllum tilvikum að vera í samræmi við viðeigandi löggjöf bandalagsins um ákveðnar vörutegundir eða um bann, takmörkun á notkun eða merkingu ákveðinna hættulegra efna eða efnablandna.

2. Til að heilsu barna sé ekki stofnað í voða verður einkum að hafa það að markmiði að aðgengi efna í leikfanginu, sem leiðir af notkun þess, fari ekki yfir eftirfarandi mörk á dag:

- 0,2 μg fyrir antímon,
- 0,1 μg fyrir arsen,
- 25,0 μg fyrir barín,
- 0,6 μg fyrir kadmín,
- 0,3 μg fyrir króm,
- 0,7 μg fyrir blý,
- 0,5 μg fyrir kvikasilfur,
- 0,5 μg fyrir selen,

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1/67.

eða önnur mörk sem kunna að verða ákveðin fyrir þessi eða önnur efni í löggjöf bandalagsins og byggð eru á vísindalegum rökum.

Með aðgengi efna þessara er átt við að úr leikfangi geti losnað efnasambönd sem hafa umtalsverðar eiturverkanir.

3. Leikföng mega ekki innihalda hættuleg efni eða efnablöndur eins og skilgreint er í tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE ⁽¹⁾ í þeim mæli að valdið gæti tjóni á heilsu barna sem þau nota. Það er stranglega bannað í öllum tilvikum að nota hættuleg efni eða efnablöndur í leikföng ef ætlunin er að nota efni þessi eða efnablöndur sem slíkar í leiknum.

Nú er takmarkaður fjöldi efna eða efnablandna aftur á móti ómissandi vegna fyrirhugaðrar notkunar ákveðinna leikfanga, m.a. efni og búnaður til nota í efnafreðitilraunir, samsetningu líkana, mótun úr plasti eða leir, glerjun, ljósmyndun eða áþekka starfsemi, og er þá leyfilegt að nota þau í styrkleika upp að tilteknu hámarki sem Staðlastofnun Evrópu (CEN) hefur umboð til að ákveða fyrir hvert efni eða hverja efnablöndu, í samræmi við málsmeðferð nefndar þeirrar sem stofnuð var með tilskipun 83/189/EBE, að því tilskildu að umrædd leyfileg efni og efnablöndur séu í samræmi við flokkunarreglur bandalagsins um merkingar, samanber þó 4. mgr. í IV. viðauka.

4. Rafeiginleikar

- a) Rafmagnsleikföng mega ekki vera knúin rafmagni með málspennu sem fer yfir 24 volt og enginn hluti leikfangsins má fara yfir 24 volt.
- b) Einangra verður vandlega þá hluta leikfanga sem tengdir eru eða geta komist í snertingu við spennuhafa sem valdið geta raflosti, svo og kapla eða aðra leiðara sem rafmagn er leitt eftir í hluta þessa, og búa þannig um þá að ekki sé hætta á raflosti af völdum þeirra.
- c) Rafmagnsleikföng verður að hanna og smíða þannig að engir aðgengilegir fletir á yfirborðinu nái svo háu hitastigi að valdið geti brunasári við snertingu.

5. Hreinlæti

Leikföng skal hanna og smíða þannig að þau uppfylli kröfur um hreinlæti og þrifnað til að koma í veg fyrir hættu á sýkingu, veikindum og smiti.

6. Geislavirkni

Leikföng mega ekki innihalda geislavirka þætti eða efni í myndum og magni sem stofnað geta heilsu barns í voða. Um þetta gilda ákvæði tilskipunar 80/836/KBE ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Sjá bls. 14 í þessu hefti Stjórnartíðinda EB.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 246, 17. 9. 1980, bls. 1.

*III. VIÐAUKI***SKILYRÐI SEM SAMÞYKKTIR AÐILAR VERÐA AÐ UPPFYLLA**

(sbr. 1. mgr. 9. gr.)

Aðilar þeir sem aðildarríkin tilnefna verða að uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:

1. Þeir verða að ráða yfir nauðsynlegum búnaði, fjármunum og starfsfólki.
2. Starfsfólkið verður að hafa nauðsynlega tækniþekkingu og sýna fullkominn heiðarleika í fagi sínu.
3. Stjórnendur og tæknimenn, sem sjá um prófanir, skýrslur, útgáfu vottorða og eftirlitsaðgerðir sem ráð er gert fyrir í tilskipun þessari, verða að vera óháðir öllum hagsmunahópum og aðilum sem hafa beint eða óbeint með leikföng að gera.
4. Starfsfólkið er bundið þagnarskyldu.
5. Undirrita verður samning um ábyrgðartryggingu nema ríkið sé skaðabótaskyldt samkvæmt landslögum.

Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafa reglubundið eftirlit með því að skilyrðum, tilgreindum í 1. og 2. lið, sé fullnægt.

IV. VIÐAUKI

**AÐVARANIR OG UPPLÝSINGAR UM VARÚÐARREGLUR FYRIR
NOTKUN LEIKFANGA**

(sbr. 5. mgr. 11. gr.)

Leikföngum verða að fylgja viðeigandi, skýr og auðlæsileg varnaðarorð til að draga úr hættum, sem felast í notkun þeirra, eins og kveðið er á um í grunnkröfunum, einkum þegar um ræðir:

1. Leikföng ekki ætluð börnum yngri en 36 mánaða

Skylt er að auðkenna leikföng, sem gætu verið hættuleg börnum yngri en 36 mánaða, með aðvörun, t.d.: „Hæfir ekki börnum yngri en 36 mánaða“ eða „Hæfir ekki börnum yngri en þriggja ára“, ásamt stuttri ábendingu, sem einnig má geta í notkunarleiðbeiningum, um þær sérstöku hættur sem valda þessari takmörkun.

Ákvæði þessi ná ekki til leikfanga sem vegna notkunar, stærðar, sérkenna, eiginleika eða af öðrum ástæðum eru augljóslega ekki ætluð börnum yngri en 36 mánaða.

2. Rennbrautir, rólur, hringir, fimleikarólur, reipi og áþekk leikföng sem eru fest á þverslár

Leikföngum þessum skulu fylgja leiðbeiningar þar sem vakin er athygli á nauðsynlegu reglubundnu eftirliti með og viðhaldi á þýðingarmiklum hlutum (hengslum, jarðfestingum og öðrum festingum o.s.frv.) og bent á að sé ekki haft eftirlit með þessu sé hætta á falli eða veltu.

Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um hvernig eigi að setja leikfangið saman og ábendingar um hvaða hlutar geti verið hættulegir sé leikfangið ekki sett saman á réttan hátt.

3. Nytjaleikföng

Nytjaleikföng eða umbúðir þeirra skal auðkenna með „Aðvörun! Notist undir eftirliti fullorðinna“.

Leikföngum þessum skulu að auki fylgja notkunarleiðbeiningar ásamt varúðarreglum sem notandi þarf að fylgja og aðvörun um að sé þeim ekki fylgt geti stafað sama hætta af leikföngunum og fylgi notkun á tæki því eða vöru sem leikfangið er smækkað líkan eða eftirlíking af. Tilgreina skal sérstaklega um hvers konar hættur er að ræða. Enn fremur skal benda á að leikfangið eigi að geyma þar sem mjög ung börn nái ekki til þess.

Hugtakið „nytjaleikföng“ merkir leikföng sem eru notuð á sama hátt og tæki eða búnaður fyrir fullorðna og eru oft smækkuð líkön (í réttum stærðarhlutföllum) af tækjum þessum og búnaði.

4. Leikföng sem innihalda efni eða efnaþöndur sem bein hætta stafar af. Efnafræðileikföng

a) Með fyrirvara um beitingu ákvæða í tilskipunum bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna eða efnaþöndur skal vara við hættum, sem stafa af efnum þessum, í notkunarleiðbeiningum með leikföngum sem innihalda efni eða efnaþöndur sem bein hætta stafar af og geta um varúðarreglur sem notandi á að fylgja til að forðast þessar hættur, sem skylt er að tilgreina nákvæmlega, með hliðsjón af þeirri tegund leikfanga sem um ræðir. Einnig skal geta hvers konar skyndihjálpi þurfi að veita valdi notkun þessarar tegundar leikfangs alvarlegu slysi. Enn fremur skal benda á að leikfangið eigi að geyma þar sem mjög ung börn nái ekki til þess.

b) Auk leiðbeininga sem getið er í a-lið er skylt að merkja umbúðir utan um efnafræðileikföng með: „Aðvörun! Eingöngu ætlað börnum eldri en ⁽¹⁾ ára. Notist undir eftirliti fullorðinna.“

Eftirfarandi leikföng teljast m.a. til efnafræðileikfanga: búnaður fyrir efnafræðitilraunir, plaststeypun, smækkaðar útgáfur af búnaði fyrir leirkeraverkstæði, glerjun og ljósmyndun og áþekk leikföng.

⁽¹⁾ Framleiðandi ákveður aldursmörk.

5. Skautar og hjólabretti fyrir börn

Þegar vörur þessar eru boðnar til sölu sem leikföng skal merkja þær með:

„Aðvörun! Notið hlífðarbúnað“.

Að auki skal minna á það í notkunarleiðbeiningum að leikfangið verði ætíð að nota með varúð þar sem það krefjist mikillar færni ef komast á hjá byltum og árekstrum sem valda meiðslum á notanda og öðrum. Einnig skal gefa ábendingar um hlífðarbúnað sem ráðlagt er að nota (hjálmur, hanska, hnéhlífar, olnbogahlífar o.s.frv.).

6. Leikföng til nota í vatni

Leikföng til nota í vatni, sbr. f-lið 1. mgr. í II. bálki II. viðauka, skal auðkenna með aðvörun í samræmi við umboð Staðlastofnunar Evrópu (CEN) til að lagfæra staðal EN/71, 1. og 2. hluta:

„Aðvörun! Notist aðeins undir eftirliti og í vatni þar sem barnið nær til botns.“
